



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á ráðstefnu
Siðmenntar, félags siðrænna húmanista,
Reykjavík
1. júní 2019**

Ágætu ráðstefnugestir,

Í bíómyndinni *Being there* segir frá garðyrkjumanni, Chance að nafni, sem Peter Sellers leikur. Röð tilviljana ræður því að hann kemst í sviðsljósið, verður á allra vörum. „Já,“ segir Chance einlægur, „á vorin vex gróðurinn.“ „Fyrst kemur vor,“ bætir hann við, „svo kemur sumar en síðan er haust og vetur. Og svo vorar á ný og sumarið kemur.“ Já, garðyrkjumaðurinn góði virðist hafa ráð undir rífi hverju. „Svo lengi sem ræturnar eru ekki rifnar mun allt fara vel í garðinum,“ segir hann áfram í myndinni.

Sagan snýst síðan um það að Chance meinar allt þetta bókstaflega, hann bendir í einlægu sakleysi á einföld sannindi um það hvernig fólk skuli rækta garðinn sinn. Aðrir leggja aftur á móti dýpri og óeiginlegri merkingu í orð hans. Allt í einu þykir hann vera spekingur með svör við lífsins gátum, einföld svör en samt svo óendanlega margræð og djúp. En þeir sem lofa hann og prísar fyrir vísunum eru tvöfaldir í roðinu, ætla alls ekki að hlýða hollum ráðum um að vökva garðinn og huga vel að viðkvæmum blómum í flóru lífsins.

Þessi ágæta saga festist mér í minni um leið og ég sá hana fyrst. Ég þakka fyrir það tækifæri að ávarpa þessa ágætu samkomu. Til þess hefði tæpast komið, hefði ég ekki verið kjörinn forseti, og til þess að svo færi á sínum tíma þurfti röð atvika. En hingað er maður kominn, að hlusta um stund á umræður um siðferðisleg álitamál okkar daga. Áhersla er lögð á loftslagsvá, vanda flóttafólks, misskiptingu gæða í heiminum og að lokum lýðræði. Allt eru þetta brýn viðfangsefni og vonandi fyllast ráðstefnugestir von að degi loknum, en það verður þá að vera von byggð á rökum og raunsæi, ekki von byggð á blindri trú, ekki von sem er byggð á eigin blekkingum eða annarra.

Mig langar til að fjalla aðeins um von og trú, samfélag og trúarbrögð. Því hingað er maður kominn að ræða siðferðislegar áskoranir, og hingað er maður kominn í boði siðrænna húmanista sem leggja áherslu á siðræn gildi og þekkingarleit án vísana í yfirnáttúrleg fyrirbrigði. Auk þess má geta þess að gestgjafarnir, hinir siðrænu húmanistar, fara fram á aðskilnað ríkis og kirkju, þeir vilja ekki að farið sé í kirkju við setningu Alþingis og því síður að í stjórnarskrá sé kveðið á um það, eins og nú er gert, að hin evangelíska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi, þjóðkirkja sem ríkisvaldið skuli að því leyti styðja og vernda.

Í sömu stjórnarskrá er fullt trúfrelsi varið og tryggt. Hér á Íslandi eiga íbúar landsins að geta iðkað sína trú, eða aðhyllst enga trú. Jafnrétti er varið í okkar grunnlögum, fjölbreytni og frelsi: „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum,“ segir í stjórnarskránni, „og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

Þessi réttindi eru borgurum landsins tryggð, þrátt fyrir stjórnarskrárákvæði um þjóðkirkju og stuðning ríkisvaldsins við hana. Ekki er að furða að þetta hefur vakið athygli og í raun sjálfsagt að fólk ræði um kosti og galla þessa fyrirkomulags. Í því ljósi hlýtur upplýst og fordómalaus umræða að teljast til góðs. Það eru í raun eins mikil sannindi og spekin hans Chance í Being there, og mér finnst ég ekki vera að mæla hér af djúpri visku. Þetta liggur einfaldlega í augum uppi, rétt eins og að sumar fylgir vori.

Kæru gestir! Á heimasíðu þessarar ágætu ráðstefnu er vísað í myndband um hið fagra Ísland og fólkið glæsilega sem hér býr, broshýrt og hamingjusamt í öllu sínu frelsi og fjölbreytni. Við sjáum líka þar að á Íslandi er alltaf gott veður, sól og hlýja.

„Inspired by Iceland“ heitir myndbandið og það hefst á Þingvöllum, þungamiðju í sögu okkar og menningu, minningastað hinnar íslensku þjóðar, A lieu de mémoire, site of memory eins og sagt er í fræðum um þau efni. Á Þingvöllum voru trúmál í brennidepli fyrir rúmum þúsund árum. Höfðingjarnir sem áttu sæti á Alþingi skiptust í grófum dráttum í tvær fylkingar, hina heiðnu sem vildu áfram dýrka hin gömlu goð, Óðin og Þór, Freyju og Frigg og alla hina æsina, og svo fylgjendur hins nýja siðar, Hvíta Krists og kristinnar trúar sem breiddist hratt út um álfuna.

Hiti var í mönnum, minnstu mátti muna að stríðandi fylkingar bærust á banaspjótum landið allt. Sagan segir einnig að jarðeldar hafi logað skammt frá Þingvöllum, hraun runnið í stríðum straumum að bæ eins höfðingjans í hópi hinna kristnu. Töldu hinir heiðnu þetta til marks um reiði goðanna. En einn foringi þeirra, sem tekið höfðu skírn, kvaddi þá heldur betur í kútinn – snemmborinn fulltrúi upplýsingaraldarinnar, getum við sagt. Þar sem þeir stóðu

á gömlu hrauni, gráir fyrir járnum, mælti hann þessi vísdómsorð: „Um hvað reiddust goðin, þá er hér brann hraunið, er nú stöndum vér á?“

Þetta lærum við enn í skóla, við Íslendingar, eða ég gerði það að minnsta kosti. Sömuleiðis lærum við – eða lærðum – um þá lausn sem Þingheimur féllst á, í stað þess að láta sverfa til stáls á Þingvöllum. „En nú þykir mér það ráð,“ sagði lögsögumaður: „að vér látum og eigi þá ráða, er mest vilja í gegn gangast, og miðlum svo mál á milli þeirra, að hvorirtveggju hafi nokkuð síns máls, og höfum allir ein lög og einn sið. Það mun verða satt, er vér slítum í sundur lögin, að vér munum slíta og friðinn.“

Smám saman hvarf hinn heiðni siður úr opinberu lífi, lifði ekki einu sinni í dagaheitum á íslensku, ólíkt ensku með sína Tuesdays, Wednesdays, Thursdays og Fridays, eftir Tý, Óðni, Þór og Frey. Á síðustu öld varð þó vakning á ný, Ásatrúarfélagið stofnað. Þar finna á fimmta þúsund manns lífsskoðunum sínum farveg, í sátt við guð og menn eins og við segjum gjarnan á Íslandi. Kristnir söfnuðir eru einnig fjölmargir og fjölskrúðugir, ólíkt því sem var hér öldum saman, fyrir og eftir siðaskipti. Þá eru um þúsund manns skráðir í trúfélög múslíma í landinu, litlu fleiri búddistar og þannig mætti áfram telja.

Já, nú gilda önnur lög og önnur sjónarmið en árið 999 eða 1000 þegar kristni var lögtekin á Íslandi (víðsýnt fólk á að viðurkenna að ekki er hægt að slá því föstu út frá heimildum á hvoru árinu viðburðurinn varð, eins og Ólafía Einarsdóttir fornleifafraeðingur vakti fyrst máls á). Nú gildir það miklu frekar að við skulum hafa ein lög, vissulega, en marga siði. Og þá fylgir líka sögunni að trú eins eða margra getur ekki verið meginforsenda lagasetningar sem gilda skal fyrir alla. Trú má ekki ganga landslögum ofar. Við verðum að búa áfram saman í réttarríki, réttarríki sem reist er á veraldlegum grunni.

Ágætu áheyrendur: Hafa einföld svör þá verið veitt hér við einföldum grundvallarreglum? Er allt okkar líf svona einfalt, eins augljóst og þau sannindi að sumar fylgir vori og það að jurtir deyja, séu þær rifnar upp með rótum?

Á heimasíðu þessarar ráðstefnu er mynd þar sem vísað er í myndbandið „Inspired by Iceland“. Myndin er tekin úr stærstu kirkju Íslands og í myndbandinu sjálfu sjást að minnsta kosti þrjár kirkjur. Þau eru yfir tíu, kristnu guðshúsin sem ég get séð að heiman frá Bessastöðum. Saga okkar og samtíð, menning okkar og tilvera er samofin kristinni trú. Saga kristni á Íslandi er stundum saga grimmdar og valda en hún er líka saga afreka í listum og bókmenntum, saga mannúðar og manngæsku. Í kirkjum landsins má heyra boðskap umburðarlyndis og víðsýni. Í trúfélögum landsins er hægt að finna bandamenn í þeirri baráttu sem heyja þarf um siðferðisleg álitamál okkar daga og verða til umfjöllunar hér í dag.

Leyfið mér í lokin að minnast á aðra bíómynd sem mér hefur stundum verið hugsað til í því tigna embætti sem ég gegni. Í Zelig, einni bestu mynd Woody Allen, segir frá Leonard Zelig sem er svo umhugað að falla öllum í geð að hann er ekki aðeins sammála öllum sem hann umgengst heldur tekur á sig svipmót þeirra. Hann segir aldrei neitt sem einhverjum gæti mislíkað þá stundina – þannig myndi Zelig örugglega ekki vitna hvar sem er í Woody Allen eftir allar þær ásakanir sem á hann hafa verið bornar undanfarin ár og ekki sér fyrir endann á. Á hinn bóginn hefði Zelig ekki átt í neinum vandræðum með að falla í kramið hér.

Ágætu gestir á ráðstefnu Siðmenntar. Síðar í dag verð ég þeirrar ánægju aðnjótandi að opna sýningu um sögu Karmelklausursins í Hafnarfirði, get þá minnst á fyrirbær þeirra og fórnfúst starf í þágu þeirra sem minna mega sín í samfélaginu, og jafnvel þá þörf svo margra í upplýstu og frjálsu samfélagi að eiga trú, sannfæringu eða von um einhvers konar líf að þessu loknu, að eiga á ný líf með liðnum ástvinum, að hafna því að við lifum bara og deyjum eins og hver önnur jurt í garði.

Á morgun er svo sjómannadagurinn og þá liggur leið mín í Fossvogskirkjugarð. Þar minnumst við þeirra sem fengu vota gröf í aldanna rás. Að þeirri athöfn lokinni verður messa í Dómkirkjunni í Reykjavík, helguð sjómannadeginum. Á þessum viðburðum er við hæfi að minnast elstu sjóferðarbænar sem varðveist hefur á Íslandi. Hún kemur úr kaþólskum sið – þeirri kirkju sem ég tilheyrði eitt sinn – var haldreipi þeirra sem lögðu út á úfið haf og hefst svo:

Guð faðir og hans sonur hinn heilagi andi,
sjái og signi lýði og lýði,
unga menn og gamla,
farm og fjalir.

Ég óska ykkur góðs gengis á þessari ráðstefnu um siðferðileg álitamál okkar daga og næstu kynslóða. Okkar bíða miklar áskoranir en það eru engin tíðindi. Því síður eru það tíðindi að án vonar og tilgangs, frelsis, fjölbreytni og mannúðar, verður framtíðin dökk, engum til gagns.